

Erla Elísdóttir og Leifur Tómasson

Afhending 2011/48

Erla Elísdóttir fæddist þann 24. maí 1932 á Gimli í Reyðarfirði. Erla menntaði sig sem hjúkrunarkona og starfaði sem slík í nokkur ár en var lengst af húsmóðir á Akureyri.

Leifur Tómasson fæddist þann 5. mars 1932 á Akureyri. Leifur lauk gagnfræðaprófi á Akureyri 1949 og stundaði nám í Danmörku veturinn eftir. Hann lauk íþróttakennara prófi á Laugarvatni árið 1952 og hélt síðan aftur erlendis í nám, í þetta sinn í London þar sem hann nam verslunarfræði.

Leifur var afreksíþróttamaður og fékk ýmis verðlaun, meðal annars fyrir spretthlaup. Árið 1957 lenti hann í slysi sem batt endi á íþróttamannsferil hans en hann tók þátt í íþróttastarfi þó að hann hafi hætt keppnum.

Leifur sat einnig í stjórn Varðar, félags ungra Sjálfstæðismanna á Akureyri og gegndi formannsstarfi í nokkur ár. Faðir Leifs, Tómas Steingrímsson, stofnaði Heildverslun Tómasar Steingrímssonar árið 1936 og Leifur átti og rak heildverslunina eftir fráfall föður síns.

Árið 1973 stakk Leifur upp á þeirri hugmynd við nokkra aðra skíðamenn á Akureyri að halda skíðamót fyrir börn á aldrinum 7 – 12 ára. Fyrsta slíka mótið var haldið árið 1976 og fékk heitið Andrésar Andar leikarnir. Mótið hefur verið haldið árlega síðan þá fyrir utan 2003 vegna snjóleysis.

Erla og Leifur giftust 23. september 1955 og bjuggu alla sína hjúskapartíð á Akureyri. Þau eignuðust fimm börn.

Afhendingin barst frá Þóru Leifsdóttur. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 2019/27 og 2019/76 en ýmis gögn tengd Andrésar Andar leikunum eru varðveitt á safninu.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

6. mars 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir

Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
A-Erla Elísdóttir og Leifur Tómasson			
A-Erla Elísdóttir og Leifur Tómasson		1953 - 1964	
Erla Elísdóttir og Leifur Tómasson			2011 / 48
2011 - A / 1	1	1953- 1953 Knattspyrnufélag Akureyrar 25 ára. 1928-1953. Afmælisrit.	
2011 - A / 1	2	1961- 1961 Leikskrá frá Línu Langsokk, sýningu leikflokks KA	
2011 - A / 1	3	1964- 1964 Leikskrá frá knattspyrnuleik í minningu Jakobs Jakobssonar 1. ágúst 1964.	Jakob lést í janúar 1964. Stofnaður var minningarsjóður um hann